

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 4	ÍSL102 Vorönn 2015	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Ásbjörg Benediktsdóttir, Kristín Árnadóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir,	Sk.st.	ALH, ÁBE, KRÁ, SUN,
----------------	--	---------------	---------------------

Grunnur framhaldsnáms í lestri og ritun.

Áfangi á fyrsta þrepi – forkröfur: Einkunn yfir 5 úr grunnskóla eða upprifjunaráfanga í VMA.

Áfangalýsing: Gengið er út frá að nemendur hafi náð allgóðu valdi á íslensku máli í tali, lestri og ritun. Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á þessum sviðum og leggi góðan grunn að daglegri notkun tungumálsins og að áframhaldandi námi. Nemendur lesa valið efni úr íslenskum bókmenntum, smásögur, ljóð og eina skáldsögu. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök í ritun, bókmenntafræði, bragfræði, myndmáli og stílbrögðum. Þeir lesa skáldsöguna að mestu utan kennslustunda en umræða og verkefnavinna fer fram í skólanum. Við lok áfangans eiga nemendur að vera færir um að lesa heildstætt bókmenntaverk á eigin vegum, geta lagt á það faglegt mat og tekið þátt í umræðum um efni og uppbyggingu. Í tengslum við framantalið námsefni vinna nemendur fjölbreytt ritunarverkefni sem munu nýtast þeim bæði í daglegu lífi og í áframhaldandi námi. Nemendur þjálfra færni sína í sjálfstæðum vinnubrögðum sem og samvinnu með öðrum.

Markmið/ hæfniviðmið:

Við lok áfangans er gert ráð fyrir að nemendur;

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- hafi náð tókum á ýmis konar ritun og geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- geti tekið virkan þátt í hópstarfi/paravinnu.
- hafi öðlast sjálfstraust til að tala og/eða lesa eigið efni og annarra fyrir framan aðra.
- hafi öðlast sjálfstraust í skapandi vinnu.
- geti lesið heildstætt skáldverk og lagt mat á það með viðeigandi hugtökum í ræðu og riti.
- geti beitt hugtökum bragfræði, myndmáls og stílbragða í umfjöllun um bundið mál.

Námsgögn:

Dauðarósir eftir Arnald Indriðason. Nemendur mega nota hvaða útgáfu sem er af bókinni.

Dauðarósir er glæpasaga eftir einn virtasta glæpasagnahöfund í íslenskum bókmenntum. Hún fjallar um undirheima Reykjavíkur og ýmsa ógeðfellda hluti en einnig um ást og vináttu. Bókin er valin til lestrar af því hún fjallar um ungt fólk, er talin líkleg til að höfða til nemenda og hæfilega löng.

ÍSL 102, Les- og vinnuhefti. Fæst á skrifstofu skólans.

Heftið er tekið saman af kennurum í VMA. Þar er umfjöllun um öll hugtökin sem farið verður í, ljóð og smásögur og æfingaverkefni í hverjum efnisþætti.

Viðbótarefni frá kennara til frekari þjálfunar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL102 Vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 4		

Áætlun um yfirferð:

1. lota 6.1. – 6.2. (5 vikur) RITUN, hagnýt og skemmtileg skrif :)

Lotan hefst á kynningu á áfanganum og könnun á stöðu nemenda í leshraða, lesskilningi og ritun.

Þá verður farið í hugtökin setningar, málsgreinar, efnisgreinar, lykilorð og skiptingu texta í inngang, meginmál og lokaorð. Ýmis ritunarverkefni verða unnin til þjálfunar á ofangreindum atriðum: Útdráttir, tónlistargagnrýni, kynningar, fréttir og fleira. Auk þess verður unnið með tal- og ritmál, markmið texta, ólíka viðtakendur og stílfæringar. Einnig fá nemendur þjálfun í að nýta orðabækur og önnur uppsláttarrit. Í lok lotunnar vinna nemendur 12% ritunarverkefni sem byggist á ofangreindum þáttum, verkefnið er unnið í kennslustund.

Nemendur fá kynningu á mikilvægum atriðum sem þarf að hafa í huga við munnlegan flutning og flytja fyrir bekkinn valin ritunarverkefni (10%). Nemendur mega vinna í pörum í kennslustundum en verkefnaskil og námsmat í lotunni er einstaklingsbundið.

Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason, lestur sögunnar er að langmestu leyti heimavinna.

2. lota 9.2. - 6.3. (4 vikur) Nú gerist þú bókmenntagagnrýnandi!

Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiðingar og notkun þeirra æfð á kvikmynd, smásögum og skáldsögunni *Dauðarósum*. Nemendur taka krossapróf með efnisspurningum úr *Dauðarósum* (5%). Í lok lotunnar skrifa nemendur bókmenntaskýrslu um *Dauðarósir* (10%). Skýrslan er unnin í kennslustund en nemendur mega hafa eigin námsgögn. Námsvinnan er að hluta til unnin í pörum og hópvinnu en verkefnaskil og námsmatið er einstaklingsbundið.

3. lota 9.3. - 10.4. (4 vikur) Þá er að leggja mat á ljóð og vísnagerð

Farið í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta, einkum ljóða, og undirstöðuatriði í bragfræði. Námsvinnan er að hluta til í pörum og hópvinnu. Verkefni unnin úr kennsluhefti og ítarefni frá kennara. Í lok lotunnar vinna nemendur 8% verkefni í kennslustund um bragfræði, myndmál og stílbrögð. Nemendur mega vinna verkefnið í pörum og hafa eigin námsgögn.

4. lota. 13.4 – 30.4. (2½ vika) HÓPVINNA, uppskeruhátíð (og upprifjun) :)

Nemendur fara í hópvinnu, 3 saman í hópi, og vinna skapandi verkefni í tengslum við það sem þeir hafa lært á önninni; ritun, nýtingu uppflettirita/tölvugagna, beitingu bókmenntahugtaka, munnlegan flutning o.fl. Nemendur geta valið um mismunandi skil á vinnunni; veggspjöld, glærur, vídeó o.fl. Í lok lotunnar sýna hóparnir vinnu sína og kynna verkefnið munnlega. Hópvinnan gildir 10% af annareinkunn, 6% verður mat kennara en jafningjamat hópanna 4%. Helstu atriði úr vinnunni á önninni rifjuð upp í lokin til undirbúnings lokaprófs ef tími er til.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	ÍSL102 Vorönn 2015	

Námsmat og vægi námsþátta:

Flutningur á ritunarverkefni	10%	Flutt í kennslustund við lok fyrstu lotu fyrir aðra nemendur og kennara. Einstaklingsmat, með stöðluðu matsblaði.
Ritunarverkefni	12%	Í verkefninu reynir á kunnáttu í hugtökum úr fyrstu lotu og ritunarfærni. Einstaklingsmat skriflegt án námsgagna, unnið í kennslustund.
Krossapróf	5%	Efnisspurningar úr <i>Dauðarósum</i> , einstaklingsmat án námsgagna, unnið í kennslustund.
Bókmenntaskýrsla	10%	Ritun sem byggist á kunnáttu í bókmenntahugtökum, efni og byggingu <i>Dauðarósa</i> . Einstaklingsmat skriflegt með eigin námsgögn, unnið í kennslustund.
Ljóðaverkefni	8%	Verkefnið reynir á kunnáttu í bragfræði, myndmáli og stílbrögðum sem og efnisskilning og túlkun á ljóðum. Einstaklings-/paravinna skrifleg með eigin námsgögn, unnið í kennslustund.
Hópvinna – uppskeruhátíð!	10%	Hópvinna, munnleg og skrifleg, þar sem nemendur beita kunnáttu sinni og hæfni úr viðfangsefnum áfangans á skapandi hátt með mismunandi verkefnaskilum. Kennaramat 6% og jafningjamat 4%, metið með stöðluðum matsblöðum í kennslustund.
Lokapróf	45%	Skriflegt einstaklingsmat þar sem reynir á hugtakaskilning, efnisþekkingu og ritunarfærni úr öllu námsefni áfangans. Engin námsgögn leyfð. Próftími 90 mínútur.

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL102 Vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 4 af 4		

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils